

**Nd.** **520. Frumvarp til laga** [30. mál]  
um breyting á lögum nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

C-liður 6. gr. laga nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands, orðist svo:  
Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sér allt að 7 af hundraði í ársvexti af lánum, er tryggð eru með veði í fasteign eða handveði. Þó má aldrei semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

Óheimilt er að segja upp lánum, breyta lánssamningum né hækka vexti af lánum, er veitt hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, enda hafi lántaki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.